

Svar

forseta Alþingis við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um aksturskostnað alþingismanna.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hver var mánaðarlegur og árlegur aksturskostnaður sérhvers þeirra þriggja þingmanna sem fengu hæstu greiðslurnar samkvæmt akstursskýrslu á árunum 2013–2016 í hverju kjördæmi?

Akstur einstakra þingmanna innan lands fer eftir mjög skýrum reglum sem eru opinberar og öllum aðgengilegar. Lítið er svo á að aksturinn tengist starfi alþingismanna fyrir umbjóðendur, varði samband þeirra við kjósendur og sé því þeirra mál eins og ýmislegur annar kostnaður við starf þingmanna. Þess vegna hafa almennt ekki verið veittar persónugreinanlegar upplýsingar um þessar endurgreiðslur, sbr. svar fyrrverandi forseta Alþingis við áþekkri fyrirspurn frá þingmanninum.

Lögð skal áhersla á að aksturskostnaður einstakra þingmanna er endurgreiðsla fyrir útlagðan kostnað. Er þar farið eftir reglum sem almennt gilda um ríkisstarfsmenn um akstur á eigin bifreiðum í þágu starfs og er stuðst við reglu ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Aksturskostnaður þingmanna er mjög mismunandi eftir því í hvaða kjördæmi þeir eru kosnir. Hann er einnig mjög mismunandi eftir því hvort þingmenn aka frá heimili sínu utan Reykjavíkur og nágrennis eða ekki („heimanakstursmenn“), en þeir fá aðeins hluta húsnæðis-kostnaðar greiddan.

Ferðakostnaður þingmanna er enn fremur breytilegur eftir því hvort um akstur eigin bifreiða er að ræða, akstur á bílaleigubílum eða mest er um flugferðir í kjördæmi eða á fundi.

Leitast hefur verið við að haga ferðakostnaði á sem hagkvæmastan hátt, að flugferðir séu fremur notaðar en akstur og bílaleigubílar fremur en akstur á eigin bifreiðum þegar þingmenn þurfa að aka meira en 15 þús. km á ári, samkvæmt reglum forsætisnefndar. Eins og fram kemur á þeim upplýsingum sem hér fylgja á eftir hefur aksturskostnaður farið lækkanði á hverju ári frá 2013, enda hefur verið skerpt á þeim reglum að velja ætíð hagkvæmasta ferðamátann.

Í eftirfarandi töflum er sem svar við fyrirspurninni birt yfirlit um árlegar endurgreiðslur aksturskostnaðar þeirra tíu þingmanna sem hæstu endurgreiðslur hafa fengið á árunum 2013–2017. Þær eru ekki greindar á kjördæmi enda þykir þá farið nærri persónugreinanlegum upplýsingum. Hafa ber í huga að hér er í senn um að ræða endurgreiðslu fyrir daglegan akstur á þingstað og endurgreiðslu fyrir ferðir á fundi og annað af því tagi.

Akstur árið 2017

	<i>km</i>	<i>kr.</i>
1.	47.644	4.621.144
2.	35.065	3.457.234
3.	30.672	3.088.679
4.	27.204	2.773.584
5.	24.617	2.547.083
6.	23.469	2.471.403
7.	22.876	2.368.916
8.	18.182	1.929.818
9.	12.867	1.371.380
10.	10.608	1.136.663
<i>Árið í heild</i>	284.281	29.184.374

Akstur árið 2016

	<i>km</i>	<i>kr.</i>
1.	51.806	4.892.668
2.	39.900	3.852.387
3.	31.874	3.134.912
4.	30.667	3.041.984
5.	30.186	2.995.993
6.	27.881	2.783.528
7.	25.445	2.569.160
8.	17.896	1.881.704
9.	16.613	1.754.687
10.	13.258	1.453.342
<i>Árið í heild</i>	371.364	37.771.690

Akstur árið 2015

	<i>km</i>	<i>kr.</i>
1.	49.275	5.053.194
2.	36.495	3.809.220
3.	29.912	3.152.713
4.	26.770	2.832.462
5.	24.458	2.665.770
6.	23.301	2.502.094
7.	19.527	2.150.278
8.	19.381	2.132.615
9.	18.406	2.045.110
10.	16.210	1.807.769
<i>Árið í heild</i>	353.010	38.460.886

Akstur árið 2014

	<i>km</i>	<i>kr.</i>
1.	54.236	5.388.949
2.	42.447	4.316.285
3.	38.010	3.879.930
4.	35.118	3.610.975
5.	34.711	3.583.957
6.	30.238	3.157.135
7.	29.046	3.057.619
8.	27.337	2.887.342
9.	26.434	2.803.362
10.	25.253	2.693.530
<i>Árið í heild</i>	484.747	51.509.790

Akstur árið 2013

	<i>km</i>	<i>kr.</i>
1.	43.550	4.424.295
2.	32.054	3.326.001
3.	30.115	3.170.449
4.	28.615	3.048.809
5.	24.783	2.617.143
6.	22.938	2.513.903
7.	20.542	2.285.948
8.	19.636	2.178.329
9.	18.692	2.072.968
10.	18.383	2.058.401
<i>Árið í heild</i>	539.631	59.812.190